

# Stjórnarfundur Geðhjálpar 27.08.2015

**Mættir:** Hrannar, Védís, Auðna, Sylviane, Einar, Þórður, Sigrún Heiða, Maggý Hrönn og Anna Gunnhildur.

- **Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar. Undirritun fundargerða (SHB).** Síðasta fundargerð samþykkt. Óskað eftir að framkvæmdastjóri gangi á eftir svari frá ÖBÍ, sbr. lið 5.
- **Nýtt húsnæði Geðhjálpar, rölt & rabb (HJ, AGÓ).** Formaður og framkvæmdastjóri gengu með stjórnarmönnum um ný húsakynni Geðhjálpar í Borgartúni 30.
- **Umsögn um drög að þingsályktun um geðheilbrigðisstefnu (HJ).** Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju sinni með fyrirleggjandi drög að umsögn Geðhjálpar um þingsályktun um geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til næstu fjögurra ára. Stjórnarmönnum gefst tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og/eða viðbótum fram á mánudag. Fram kom áhugi á að vekja athygli fjölmiðla á drögunum og umsögn Geðhjálpar og/eða halda morgunverðarfund um efnið. Haldinn verður undirbúningsfundur til að ræða hvað beri að leggja áherslu á.
- **Geðbjörgunarsveit (HJ).** HJ óskað eftir leyfi stjórnar til að framkvæmdastjóri aðstoðaði hann við stofnun Geðbjörgunarsveitar. Stjórnin samþykkti beiðnina einróma.
- **Haustdagskrá, ráðstefna o.fl. (HJ, AGÓ).** Framkvæmdastjóri kynnti drög að viðburðardagskrá vetrarins. Samþykkt var að bæta inn í dagskrána morgunverðarfundu um þingsályktun um geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlun og styttri fyrirlestrum í húsakynnum Geðhjálpar, t.a.m. fyrirlestri um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra og ástand geðheilbrigðismála. Samþykkt var að efna til stefnumótunarfundar 17. október, í Kríunesi eða í sumarbústað.
- **Ritnefnd Geðhjálparblaðsins (HJ).** Eftirfarandi buðu sig fram í ritnefnd Geðhjálparblaðsins: Hrannar, Védís, Auðna, Einar, Maggý og Anna Gunnhildur. Skipan ritnefndar var samþykkt.
- **Forkannanir ríkisendurskoðunar á málefnum Fjölmenntar og geðheilbrigðismálum barna og ungmenna (HJ, AGÓ).** HJ kynnti bréf frá ríkisendurskoðanda um frumkönnun á framlagi mennta- og menningarmálaráðuneytisins til Fjölmenntar og þjónustu ríkisins við börn og ungmenni á sviði geðheilbrigðis.
- **Kynningarfundur vegna stofnunar deildar Geðhjálpar í Vestmannaeyjum (HJ, AGÓ).** Samþykkt var að efna til kynningarfundar í Vestmannaeyjum á haustdögum. Í

framhaldi af því væri hægt að stofna þar Geðhjálpardeild.

- **Lögfesting frumvarps til breytinga á lögræðislögum (HJ).**

Samþykkt var að fá mannréttindalögfræðing til að halda erindi um ný lögræðislög og breytingar frá eldri lögum.

- **Útmeð'a, myndbandsgerð, forvarnardagur sjálfsvíga 10. september (HJ, AGÓ).**

Hlauparar söfnuðu ríflega 900.000 kr. til styrktar Útmeð'a verkefninu í Reykjavíkurmaraþoninu. Nokkuð hærri upphæð safnaðist til styrktar almennu starfi Geðhjálp. Stjórninni gefst kostur á að sjá Útmeð'a myndbandið grófklipt hjá Tjarnargötunni kl. 9.30 á þriðjudagsmorgun. Í myndbandinu er fjallað um nokkra algenga orsakavalda sjálfsvíga. Myndbandið verður frumsýnt á alþjóðlegum forvarnardegi sjálfsvíga þann 10. september næstkomandi.

**Fundi var slitið um kl. 19.30.**